



Allsherjarnefnd Alþingis  
Selma Hafliðadóttir nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/129**  
**komudagur 9.11.2007**

Seltjarnarnesi, 6. nóvember 2007  
2007110010/91/SG/gh

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks**

Frumvarp þetta flytja 17 þingmenn og með því er lagt til að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað áfengi en sterkt áfengi verði aflögð. Með því mun smásöluverslun á léttum vínnum og bjór færast að einhverju eða miklu leyti frá sérverslunum ÁTVR.

Megintilgangur frumvarpsins og rök fyrir því eru fyrst og fremst að jafna aðstöðu til verslunarreksturs og fylgja eftir þeirri stefnu hins opinbera að draga sig út úr atvinnurekstri á sem flestum sviðum.


Áfengi sker sig hins vegar úr hópi flestra neysluvara vegna þeirra vandamála sem því tengjast. Vissulega er notkun ýmissa annarra neysluvara í óhófi hættuleg líka en m.t.t. staðreynda og tilfinninga nýtur áfengi nokkurrar sérstöðu. Um 4% dauðsfalla og örorku í heiminum má rekja til áfengis skv. upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Í sumum löndum hefur meðalaldur lækkað vegna áfengisneyslu, t.d. í gömlu Sovétríkjunum. Allmargar athuganir hafa farið fram á áhrifum aukins aðgengis á neyslu áfengis og bera þær flestar, en ekki alveg allar, að sama brunni, að bætt aðgengi auki neyslu. Minni haldbærar upplýsingar eru um hvort aukin neysla í þjóðfélagi á borð við okkar leiði beint til aukinna félagslegra, andlegra og líkamlegra vandamála. Ýmsar rannsóknir benda til að svo sé, en allmikill skortur er á upplýsingum en engar benda þó til að úr vandamálum dragi við aukið aðgengi.

Dánartala vegna alkóhóltengdra orsaka á Íslandi er nú lægst á Norðurlöndum og hefur verið um hríð, rúmlega 5 dauðsföll per 100 þús. manns má rekja til áfengis hér á landi en talan á öðrum Norðurlöndum er hærri, í sumum þeirra mun hærri, t.d. Danmörku 28.8 og Finnlandi 37.6. Í Danmörku er aðgengi að áfengi mjög mikið en verslunarháttum Finna svipar til okkar. Augljóst er skv. þessu að mun fleira hefur áhrif á neysluvenjur en aðgengi eitt og koma þar til ýmsir þættir í þjóðfélagsmynstri og þjóðarsál.

Á hinn bóginn hefur aðgengi að áfengi verið aukið verulega hér á landi á undanförunum árum með fjölgun útsölu ÁTVR, bættri þjónustu á útsöluverum sem víða er til fyrirmyndar o.s.frv. Vandséð er því hvaða vanda er verið að leysa með tilkomu frumvarpsins og hvort við eigum ekki við mun alvarlegri vandamál að etja en skort á aðgengi að áfengi hér á landi. Halda má því fram með réttu, með tilvísan til áður nefndrar tilvitnunar til lágrar tíðni dauðsfalla af völdum áfengis hér á landi, að óþarfi sé að bæta það sem ekki fer aflaga.

Landlæknir leyflr sér því að leggjast gegn framgangi þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Guðmundsson  
landlæknir